

STARFSLEYFI

Reykjagarður hf. v/Ásmundarstaða

ÍSAT nr. 01.24.0.2 - Alifuglarækt

Ásmundarstöðum

851 Hella

kt. 650903 2180

Nafn og kt. rekstraraðila: **Reykjagarður hf., kt. 650903-2180**
Heimilisfang: **Fosshálsi 1, 110 Reykjavík**

Útgáfudagur: 23. september 2010 **Gildir til: 23. september 2022**
Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli msbr., þegar um matvæli er að ræða og laga nr 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir Reykjagarð hf. v/Ásmundarstaða
dags. 23.september 2010**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 56, 800 Selfossi kt. 480284 0549 Sími 480 8220

Selfossi, 23. september 2010



Elsa Ingjaldsdóttir
framkvæmdastjóri

STARFSLEYFISSKILYRÐI

REYKJAGARÐUR HF v/Ásmundarstaða

650903-2180

FOSSHÁLS 1 Reykjavík



Gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir rekstur alifuglabús fyrir kjúklingaeldi í starfsstöðvum fyrirtækisins, að Ásmundarstöðum í Ásahreppi, af þeirri stærð og gerð sem getið er um á starfsleyfivottorði. Með alifuglabúi er átt við bú þar sem hænsnfuglar eru aldir til framleiðslu á kjöti/ eða eggjum til manneldis.

Forráðamaður er Matthías H. Guðmundsson, 060558 2999, Fjallalind 125, Kópavogi

Húsakostur eru 16 hús í uppeldisbúi, samtals um 8.252 m², um 156.800 fuglastæði. For- og lagerrými í kjúklingaeldi er um 600 m². Í stofnbúi Ásmundarstaða eru 8 hús samtals um 3.606 m², um 23.000 fuglastæði. Hús að Hellatúni er 525 m². Framleitt er um 1.800 tonn af matfugli á ári. Um 1.100.000 kjúklingar, auk kjöt frá um 19.000 stofnhænum, eru í ársframleiðslu. Framleiðslulotur standa yfir í 5 vikur í senn, með hléi milli lota. Áætlað magn af skit frá stofnbúi er um 200 tonn og frá uppeldisbúi um 1200 tonn á ári, eða samtals um 1.400 tonn á ári. Hæsnaskitur er nýttur til áburðarframleiðslu (20 tonn), sveppagerðar (400 tonn) og til ræktunar í samstarfi við Landgræðslu ríkisins o.fl. (980 tonn). Gámastöðin ehf sér um sorphirðu á búinu. Neysluvatn kemur frá vatnsveitu Ásahrepps. Slátrun og þökkun fer fram í starfstöð Reykjagarðs h.f. á Hellu. Bústjóri er Jóhanna Hilmarsdóttir. Dýralæknir búans og gæðastjóri er Jarle Reiersen. Starfrækt er innra eftirlit á búinu, sem byggt var upp í samvinnu við Sýni ehf. Greining eftirlitssýna fer fram hjá Matis ohf og rannsóknastofu HÍ að Keldum.

Markmið starfsleyfis er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að hollustu og hreinu umhverfi.

- 1.1 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og ákvæðum reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Starfsleyfishafa er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum er lúta að starfseminni og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfi þessu. Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um eigendur eða húsnæði og við meiri háttar breytingar t.d. á stærð og húsakosti.
- 1.2 Verði meiriháttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða í ljós koma skaðleg áhrif á almenning, eða vegna röskunar á lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna.
- 1.3 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.
- 1.4 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5 Frágangur hreinlætistækja, snyrtiherbergja og matstofa starfsmanna skal vera í samræmi við reglugerðir þar að lútandi.
- 1.6 Um meðferð og frágang oliutanka og búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn oliumengun frá starfsemi í landi.
- 1.7 Um umgengnisreglur, sóttgreinsun og meðferð hráefna og afurða fer samkvæmt sérstökum reglum yfirdýralæknis þar um.

2. UMHVERFI

- 2.1 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um, að á athafnasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis. Við gerð mannvirkja og tækja og við rekstur allan, skal taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta.

- 2.2 Rekstraraðila er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegu og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Sorphirslur og ílát undir úrgang skulu jafnframt standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna.
- 2.3 Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið, steinsteypt eða malbikað, malarlag með niðurföllum og lekt malar og steinefnalag sem auðvelt er að halda hreinu af illgresi, rusli og aðskotahlutum skal vera milli og við ræktunarsvæði. Grasfletir í næsta nágrenni alifuglahúsa skulu vera snöggslegnir.
- 2.4 Fóður- og hráefnisgeymslur skulu vera lokaðar og varðar fyrir ágangi meindyra og fugla.

3. MENGUNARVARNIR.

- 3.1 Draga skal eins og unnt er úr framleiðslu úrgangs. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 3.2 Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu og flytja reglulega til eyðingar eða vinnslu hjá viðurkenndum móttökuadílum.
- 3.3 Skylt er að sjá um að hindraður sé aðgangur meindyra, vargfugls og annarra dýra að gámum, þróm, hauggeymslum og úrgangi búans.
- 3.4 Úrgangur svo sem dýrahæ skulu flutt til eyðingar eða til vinnslu. Urðun og brennsla á úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins. Urðun er einungis heimil á förgunarstað sem hefur til þess starfsleyfi. Brennsla hræja er óheimil nema í aðstöðu sem hefur fengið til þess viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda.
- 3.5 Öllum skít frá fuglum skal safna saman og nýta á þann hátt að mengun hljótist ekki af og sem heilbrigðiseftirlit viðurkennir. Við þrif á eldis- og stofnhúsum skal skitur losaður í lokaða gáma og hann fluttur til nýtingar sem hér segir;
 1. Til jarðgerðar á Flúðum um 400 tonn á ári.
 2. Til áburðarframleiðslu hjá Ylfur, Veteifsholti 20 tonn á ári.
 3. Til ræktunar;
 - A. Til áburðar hjá Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti 920 tonn á ári.
 - B. Til áburðar í Þjórsártún, til áburðarnota 60 tonn á ári.

Fuglaskitur til landbúnaðaráburðar eða landgræðslu skal flytja jafnóðum og hann er losaður á þeim tíma sem hann nýtist gróðri. Skít frá alifuglum skal einungis dreifa á ófrosna jörð á tún eða í flög á tímabilinu frá 1. apríl til 15. október ár hvert þegar jarðvegur og gróður getur tekið við honum. Við dreifingu skal leitast við að vindátt standi af nálægri byggð og möguleiki á foki lágmarkaður. Öll nýting skal vera í samræmi við reglur um góða búskaparhætti.
- 3.6 Jarðgerð eða önnur vinnsla er einnig heimil með samþykki heilbrigðiseftirlits. Hauggeymslur, staðsetning þeirra og aðstaða til haugvinnslu skal vera þannig að fok verði ekki og varin þannig að vargfugl komist ekki í.
- 3.7 Ef ekki er hægt að afsetja fuglaskítinn samkvæmt greinum 3.5 og 3.6. þá er fyrirtækinu skylt að losa hann á viðurkenndum förgunarstað.
- 3.8 Ekki er heimilt að dreifa fuglaskít á stöðum þar sem að hann getur mengað læki, ár, eða vatnsból.
- 3.9 Fyrirtækið skal gera áætlun um meðhöndlun og flokkun alls úrgangs, sem fellur til á búinu. Í áætluninni komi fram aðgerðir til meðhöndlunar og nýtingar á fuglaskít frá búinu. Koma skal fram staðsetning og frágangur fyrir aðstöðu til meðhöndlunar á þeim skít sem nýta á til áburðar og það landsvæði sem dreifa á áburði. Heimilt er að fela þriðja aðila meðferð og/ eða dreifingu áburðarins með samningum, enda hafi sá aðili tilskilin starfsleyfi eða uppfylli skilyrði heilbrigðisyfirvalda.
- 3.10 Geyma skal öll hættuleg efni, efnasambönd og efnaúrgang á öruggan hátt og í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins. Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurhæfingu efna.
- 3.11 Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Spilliefnum skal skila reglulega til aðila með leyfi til móttöku eða flutnings á viðkomandi spilliefnum. Umbúðir hættulegra efna skulu merktar með varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum sbr. ákvæði reglugerðar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, nr. 236/1990. Spilliefni og hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang eða losa þau í fráveitu. Ekki skal blanda saman mismunandi flokkum spilliefna.
- 3.12 Takmarka skal hávaða eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða skv. reglugerð um hávaða nr. 933/1999.
- 3.13 Takmarka skal loftmengun frá starfseminni eins og kostur er. Tryggja skal að rakastig í útblæstri sé ávallt eins og reglugerðir segja til um til að koma í veg fyrir ryk í útblæstri. Þess skal gætt að ryk og hættulegar, daunillar eða lyktarmiklar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Loftfræstingu skal þannig hátað að hún valdi ekki fólki í nágrenni óþægindum vegna mengunar eða hávaða. Komi í ljós

vandamál vegna lyktarmengunar, skal fyrirtækið leita leiða til að leysa vandamálið í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur haldist hreinn. Halda skal loftmengun þannig í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti.

3.14 Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits og vera í samræmi við leiðbeiningar heilbrigðisyfirvalda þar sem við á. Fráveituvatn skal vinna til förgunar á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hættu af og röskun á lífríki verði sem minnst.

3.15 Við þrif á fuglahúsum og vegna afrennslis frá þvottaðstöðu skal leiða vatn í rotþró og siturlögn. Hitaveituvatn og ofanvatn skal ekki leiða í rotþró. Heimilt er að leiða slíkt vatn framhjá rotþró í siturlögn eða í yfirborðsvatn.

3.16 Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra skal það gert á föstu vökvaheldu plani með afrennslu um olíuskilju. Fyrirtækið skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til vélarþvotta s.s. lokuð kerfi án leysiefna t.d. gufuþvott og háþrýstþvott. Nota skal þvottaefni sem hafa fengið viðurkenningu Umhverfisstofnunar.

3.17 Tæma skal seyru úr rotþróum reglulega. Seyru úr rotþró skal meðhöndla í samræmi við reglur.

3.18 Losun efna, umhverfisálaga og mæliaðferðir skulu vera í samræmi við reglugerð nr. 797/1999 um fráveitur og skólp.

4. EFTIRLIT

4.1 Fyrirtækið skal halda eftirlitsskýrslur og dagbók þar sem jafnóðum er skráð:

- a. Framleiðslumagn, fjöldi og samtals þyngd fugla í hverjum framleiðsluhóp og breytingar á þessum tölum vegna flutninga, slátrunar eða dauða.
- b. Fóðurnotkun og gerð fódurs.
- c. Niðurstöður gæðaathugana með aðföngum og framleiðslu.
- d. Vatnsnotkun.
- e. Atriði er varða rekstur hreinsibúnaðar, og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. hreinsun og viðgerðir búnaðarins, rekstur og viðhald á ristum, fitugildru, lofthreinsibúnaði og um bilanir á vélum, leka eða mengunarslys, dagsetningu á tæmingu og losun á seyru og og húsdýraáburði, magn og meðhöndlun/förgun seyru og fuglaskit.
- f. Innkaup efna og lyfja sem geta orðið að spilliefnum. Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði eða slys.
- g. Fyrirtækið starfar að öðru leyti í samræmi við innra eftirliti sbr. reglugerð nr. 522/1994 og reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.
- h. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að framangreindum upplýsingum. **Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik ásamt öðrum þáttum er geta varðað almannahéill.**

4.2 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

4.3 Fyrirtækið skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum.

4.4 Ef mengunaróhapp verður, s.s. að freon, ammóníak, klór, sápur eða önnur spilliefni leka út í umhverfið eða niður í fráveitu, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva lekann og hreinsa upp efnið sem hefur lekið niður. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlitið og aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á.

4.5 Á hverri vinnuvakt skal starfa vaktstjóri, sem hefur góða þekkingu á búnaði og starfsreglum þessum sem og öðrum reglum fyrirtækisins

5. ÝMISS ÁKVÆÐI, GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

5.1 Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði í starfsleyfi þessu og skal kynna sér þau lög og reglur sem viðkoma starfseminni.

5.2 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 og öðlast gildi við birtingu.

5.3 Starfsemi þessi er í ISAT flokki 01. 24.0.2 og greiðir rekstraraðili árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.



Selfossi 23. september 2010,
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands,


Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi

